

**FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1833****2021/EES/22/104****frá 2. október 2020****um breytingu á viðaukunum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB að því er varðar aðlögun þeirra að framförum á sviði vísinda og tækni (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í þætti I.1 í I. viðauka, þætti II.1 í II. viðauka og þætti III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB er vísað til ákvæða, sem sett eru fram í alþjóðasamningum um flutninga á hættulegum farmi á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum eins og skilgreint er í 2. gr. þeirrar tilskipunar.
- 2) Ákvæði þeirra alþjóðasamninga eru uppfærð á tveggja ára fresti. Síðustu breyttu útgáfunar gilda frá og með 1. janúar 2021, með umbreytingartímabili til 30. júní 2021.
- 3) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringarskjöl ⁽²⁾ hafa aðildarríki skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið á milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga.
- 4) Því ætti að breyta þætti I.1 í I. viðauka, þætti II.1 í II. viðauka og þætti III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.***Breytingar á tilskipun 2008/68/EB**

Tilskipun 2008/68/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað þáttar I.1 í I. viðauka kemur eftirfarandi:

„I.1 ADR

Viðaukar A og B við ADR-samninginn, í útgáfunni sem öðlast gildi frá og með 1. janúar 2021, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 408, 4.12.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 13.

⁽²⁾ Stjttð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

2) Í stað þáttar II.1 í II. viðauka kemur eftirfarandi:

„II.1 RID

Viðaukinn við RID-reglurnar, í útgáfunni sem öðlast gildi frá og með 1. janúar 2021, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „RID-samningsríki“, eftir því sem við á.“

3) Í stað þáttar III.1 í III. viðauka kemur eftirfarandi:

„III.1 ADN

Reglurnar sem fylgja með í viðauka við ADN-samninginn, í útgáfunni sem öðlast gildi frá og með 1. janúar 2021, og einnig f-liður 3. gr., h-liður 3. gr., 1. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 8. gr. ADN-samningsins, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríki skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2021. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.